## flokksstarf




### Biskupstungur og nágrenni

Jón Helgason ráðherra og Þórarinn Sigurjónsson alþingismaður verða til viðtals og ræða þjóðmálin í Aratungu, þriðjudaginn 28. janúar kl. 21.00. Allir velkomnir.

### Grímsnes og nágrenni

Jón Helgason ráðherra og Þórarinn Sigurjónsson alþingismaður verða til viðtals og ræða þjóðmálin í Borg í Grímsnesi fimmtudaginn 30. janúar kl. 21.00 Allir velkomnir.

### Framsóknarfélag Kópavogs

heldur fund um framboðsmál fyrir næstu bæjarstjórnarkosningar fimmtudaginn 30. jan. kl. 20.30 að Hamraborg 5. Framsögu hefur Guðleifur Guðmundsson.

**Stjórnin**




### Þorrablót - Reykjavík

Framsóknarfélögin í Reykjavík efna til Þorrablóts föstudaginn 7. febrúar á Hótel Hofi. **Halldór E. Sigurðsson** fyrrv. ráðherra flytur minni Þorra. Veislustjóri verður **Þráinn Valdimarsson.** Miðapantanir og nánari upplýsingar á skrifstofu flokksins sími 24480.

**Fulltrúaráðið**

## Hafnarfjörður

Aðalfundur fulltrúaráðs framsóknarfélaganna í Hafnarfirði verður haldinn að Hverfisgötu 25. miðvikudaginn 29 jan. kl. 20.30. Venjuleg aðalfundarstörf.

**Stjórnin.**

## Sjúkraliðafélag Íslands

Starfsmaður óskast í 50% starf á skrifstofu félagsins. Kunnátta í vélritun, ensku og dönsku áskilin, sjúkraliðamenntun æskileg.

Skriflegar umsóknir sendist á skrifstofu félagsins, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík fyrir 3. febrúar n.k.

**Stjórnin.**

## Jörð

Óska eftir jörð í skiptum fyrir 3ja herbergja íbúð á Suðurnesjunum. Svar leggist inn á auglýsingadeild Tímans. **Merkt „10"**

## HÚSAÞJÓNUSTAN SF.

**Tökum að okkur alla málningarvinnu, utansem innanhúss, hvar á landi sem er.**

**Einnig: Sprunguviðgerðir og þéttingar- Háþrýstiþvott Sílanúðun – Alhliða viðhald fasteigna.**

**Tilboð – Mæling – Tímavinna.**

**Skiptið við ábyrga fagmenn, með áratuga reynslu.**

**Upplýsingar í síma 91-61-13-44**

## DAGBÓK

### Símahappdrættið 1985

Afhending vinninga í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 1985 fór fram 23. janúar sl. hjá Ingvari Helgasyni hf. Vinningar voru 8 SUBARU bifreiðar með drifi á öllum hjólum, 2 af gerðinni 1800 station og 6 af gerðinni Justy-10. Vinningar komu á eftirtalin númer: 91-46792, 91-43086, 91-51631, 91-24635, 91-39599, 92-7302, 92-8347 og 99-3133.

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra þakkar símnotendum um allt land veittan stuðning með þátttöku í símahappdrættinu. Ágóðanum af happdrættinu verður varið til að ljúka leikskála sem er í byggingu við sumardvalarheimili félagsins fyrir fötluð börn í Reykjadal í Mosfellssveit.

**(Tímamynd: Árni Bjarna)**



## Útboð

Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar fyrir hönd byggingadeildar óskar eftir tilboðum í málningarvinnu samkvæmt eftirfarandi.

1. Málun á ýmsum fasteignum Reykjavíkurborgar. Tilboðin verða opnuð þriðjudaginn 11. febrúar nk. kl. 11.00
2. Málun á dagvistunarhúsnæði Reykjavíkurborgar. Tilboðin verða opnuð þriðjudaginn 11. febrúar nk. kl. 14.00.

Útboðsgögn eru afhent á skrifstofu vorri, Fríkirkjuvegi 3, Reykjavík gegn kr. 5.000.- skilatryggingu fyrir hvert verk fyrir sig og verða þau opnuð á ofangreindum tíma.

**INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR**
**Fríkirkjuvegi 3 — Sími 25800**

## Útboð

Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar fyrir hönd Hitaveitu Reykjavíkur óskar eftir tilboðum í byggingu dælustöðvar við Réttarháls.
Full stærð húss um $700^3$.
Útboðsgögn eru afhent á skrifstofu vorri, Fríkirkjuvegi 3, Reykjavík, gegn 15. þús. kr. skilatryggingu.
Tilboðin verða opnuð á sama stað, fimmtudaginn 6. febrúar n.k. kl. 14.

**INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR**
**Fríkirkjuvegi 3 — Sími 25800**

## Útboð

Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar fyrir hönd Rafmagnsveitu Reykjavíkur óskar eftir tilboðum í götuljósaperur.
Útboðsgögn eru afhent á skrifstofu vorri, Fríkirjuvegi 3, Reykjavík
Tilboðin verða opnuð á sama stað, fimmtudaginn 5. mars n.k. kl. 11.

**INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR**
**Fríkirkjuvegi 3 — Sími 25800**

## Jólahappdrætti Framsóknarflokksins 1985 Vinningaskrá A og B flokkur

I.B.M. PC tölvur, kr. 100 þús hver vinningur: Nr. 21117, 38947, 13320, 6110, 12714 og 20723.

SEIKO úr, kr. 6 þús hver vinningur:
Nr. 21992, 10467, 28228, 29194, 800, 33120, 36212, 16617, 39344, 29160, 21597, 33386, 38573, 37771, 10053, 13647, 36248, 20242, 23337, 31072, 6001, 4265.

Sportvörur í Sportvali:
24600, 15637, 19861, 31707, 10546, 34391, 35562, 15924, 34001, 10084, 3523, 15280, 40570, 2604, 22838, 10567, 5154, 29039, 2378, 5799, 5662 og 1788.

Vinningsmiðum skal framvísa til Stefáns Guðmundssonar, Skrifstofu Framsóknarflokksins, Rauðarárstíg 18, Reykjavík.

## Félagslíf

### Kvenfélag Kópavogs

Spilakvöld verður í Félagsheimilinu, þriðjudaginn 28. janúar kl. 20.30.

### Spilakvöld Rangæingafélagsins

Rangæingafélagið í Reykjavík heldur spilakvöld að Hallveigarstöðum annað kvöld, miðvikudagskvöld þann 29. janúar kl. 20.30.

### Aðalfundur Kvenfélags Árbæjarsóknar

Kvenfélag Árbæjarsóknar heldur aðalfund sinn þriðjudaginn 4. febrúar kl. 20.40 í safnaðarheimilinu.

### Ungmennastarf Rauða kross Íslands endurvakið eftir 30 ára hlé

Á síðasta ári – ári æskunnar – var ungmennastarf Rauðakross Íslands endurvakið eftir að hafa legið niðri um þriggja áratuga skeið.

Ungmenni á aldrinum 16-26 ára hafa tekið þátt í fatasöfnun fyrir þurfandi á hörmungasvæðum Afríku, dreift endurskinsmerkjum og kannað notkun þeirra í samvinnu við umferðarráð, tekið þátt í sumar- og vinnubúðum erlendis og lært skyndihjálp.

Þau standa líka fyrir þemafundum um ýmis málefni sem efst eru á baugi hverju sinni, t.d. hefur einn fundur verið um AIDS.

Þriðjudaginn 28. janúar heldur Ungmennahreyfingin kynningarfund í Nóatúni 21, Reykjavík kl. 20.30. Þar verður starf Rauða krossins innanlands og erlendis kynnt og ungmenni segja frá starfi sínu.

## Afmæli

### Árnað heilla

70 ára er í dag, þriðjudaginn 28. janúar, **Jón Þórarinsson bóndi, Fagraneskoti, Aðaldal.**

## Ýmislegt

### Kvennaráðgjöfin Kvennahúsið við Hallærisplan

Opið á þriðjudagskvöldum kl. 20.00-22.00. Sími 21500.

### „Vika hársins"

Vikuna 27. janúar til 2. febrúar n.k. verður haldin „Vika hársins" og endar hún með hárgreiðslusýningu á Broadway.

## Sýningar

### Sýning í Gerðubergi: „Listakonur – verk í eigu Reykjavíkurborgar" – annar hluti –

Nú stendur yfir í Gerðubergi annar hluti sýningarinnar „Listakonur – verk í eigu Reykjavíkurborgar". Á fyrri hluta sýningarinnar sem haldinn var í nóvember s.l. voru sýnd verk látinna listakvenna. Nú á öðrum hluta sýningarinnar verða sýnd verk eftir núlifandi listakonur, fæddar 1945 og fyrr. Þær sem eiga verk á sýningu þessari eru: Ása Ólafsdóttir, Ásgerður Búadóttir Björg Þorsteinsdóttir, Guðmunda Andrésdóttir, Ingunn Eydal, Jóhanna Bogadóttir, Karen Agnete Þórðarson, Karolína Lárusdóttir, Kristín Jónsdóttir, Louisa Matthiasdóttir, Margrét Jóelsdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir Sigrid Valtingojer, Sigrún Guðjónsd., Sólveig Eggerts Pétursd., Svala Þórisdóttir og Þorbjörg Höskuldsdóttir. Þetta eru málverk, vefnaður, grafík og fleira.

Gerðuberg stendur fyrir sýningu þessari í samráði við stjórn Kjarvalsstaða og er tilgangurinn sá að kynna almenningi þau verk er Reykjavíkurborg á. Verk þessi eru alla jafnan á hinum mismunandi stofnunum borgarinnar þar sem þau prýða veggi. Þau verk sem eru á sýningu þessari eru fengin að láni frá nítján borgarstofnunum. Sýningin stendur til 15. febrúar. Aðgangur er ókeypis.